

Forsætisnefnd

***Samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 – breytingar vegna umdæmisráðs barnaverndar og kjaranefndar.***

Á fundi borgarráðs 10. mars nk. verða lagðar fram tillögur borgarstjóra um breytingar á kjaranefnd Reykjavíkurborgar annars vegar og stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur hins vegar. Í tillögunum er forsætisnefnd falið að gera nauðsynlegar breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Skrifstofa borgarstjórnar hefur unnið tillögu að breytingu á 64. gr. samþykktarinnar samkvæmt meðfylgjandi tillögu. Einnig er gerð tillaga að breytingu á 68. gr. til samræmis.

Á fundi borgarráðs 28. október 2021 voru samþykktar nýjar reglur um réttindi og skyldur og reglum um ráðningar æðstu stjórnenda hjá Reykjavíkurborg ásamt nýjum reglum um ráðningar borgarráðs í æðstu stjórnunarstöður hjá Reykjavíkurborg .

Skrifstofa borgarstjórnar hefur borist tillaga mannauðs- og starfsumhverfissviðs að breytingum á unnið tillögu að breytingu á 75. gr. og 76. gr. samþykktarinnar samkvæmt meðfylgjandi tillögu.

Að lokum fylgir tillaga að nýjum viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þar sem kjaranefnd eru veittar fullnaðarafgreiðsluheimildir í samræmi við hlutverk sitt.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofustjóri borgarstjórnar*

Hjálagt:

Tillaga að breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Tillaga að viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

## Breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019

Breytingar dags. febrúar 2022 vegna nýrra reglna um réttindi og skyldur og reglum um ráðningar æðstu stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og vegna breytinga á fyrirkomulagi barnaverndarmála.

Eftirtaldar breytingar eru lagðar til:

### 64. gr. hljómar svo:

64. gr.  
*Kosning annarra nefnda.*

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð eða stjórnir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

#### A. Til eins árs:

1. Fimm fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.
2. Fimm fulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör.

#### B. Til fjögurra ára:

1. Einn fulltrúa í almannavarnanefnd og tvo til vara.
  2. Fimm fulltrúa í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
  3. Þrjú fulltrúa í endurskoðunarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
  4. Þrjú fulltrúa í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks og þrjú til vara. Formannskjör.
  5. Tvo fulltrúa í fjölmeningarráð og tvo til vara. Formannskjör.
  6. Þrjú fulltrúa í hvert íbúaráð og þrjú til vara. Formannskjör.
  7. Fimm fulltrúa í innkaupa- og framkvæmdaráð og fimm til vara. Formannskjör.
  8. Þrjú fulltrúa í ofbeldisvarnarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
  9. Þrjú fulltrúa í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og þrjú til vara.
  10. Tvo fulltrúa í öldungaráð og tvo til vara. Formannskjör.
- Aðalfulltrúar í nefndum sem taldar eru upp í 4., 5., 7., 8. og 10. tölul. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn. Tveir af þremur fulltrúum í íbúaráðum skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

#### C. Kjörstjórnir:

Borgarstjórn kýs fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi kosningalaga.

#### D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:

Borgarstjórn/borgarráð kýs eða tilnefnir fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

### 64. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

64. gr.  
*Kosning annarra nefnda.*

Til viðbótar við þær nefndir sem borgarstjórn kýs skv. 63. gr. kýs hún fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð eða stjórnir eftir sérstökum samþykktum sínum og því sem lög mæla fyrir um:

#### A. Til eins árs:

1. Fimm fulltrúa í stjórn Faxaflóahafna sf. og fimm til vara. Formannskjör.

2. Fimm fulltrúa í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og fimm til vara. Formannskjör.

#### B. Til fjögurra ára:

1. Einn fulltrúa í almannavarnarnefnd og tvo til vara.
  2. Fimm fulltrúa í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.
  3. Þrjú fulltrúa í endurskoðunarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
  4. Þrjú fulltrúa í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks og þrjú til vara. Formannskjör.
  5. Tvo fulltrúa í fjölmeningarráð og tvo til vara. Formannskjör.
  6. Þrjú fulltrúa í hvert íbúaráð og þrjú til vara. Formannskjör.
  7. Fimm fulltrúa í innkaupa- og framkvæmdaráð og fimm til vara. Formannskjör.
  - X. Þrjú fulltrúa í kjaranefnd og þrjú til vara. Formannskjör
  8. Þrjú fulltrúa í ofbeldisvarnarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.
  - X. Þrjú fulltrúa í umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur og þrjú til vara. Formannskjör.
  9. Þrjú fulltrúa í stjórn Brúar lífeyrissjóðs og þrjú til vara.
  10. Tvo fulltrúa í öldungaráð og tvo til vara. Formannskjör.
- Aðalfulltrúar í nefndum sem taldar eru upp í 4., 5., 7., 8. og 10. tölul. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn. Tveir af þremur fulltrúum í íbúaráðum skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

#### C. Kjörstjórnir:

Borgarstjórn kys fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi kosningalaga.

#### D. Aðrar stjórnir, ráð og nefndir:

Borgarstjórn/borgarráð kys eða tilnefni fulltrúa sína í ýmsar stjórnir, ráð eða nefndir samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða eða samkvæmt sérstökum samþykktum.

#### 68. gr. hljómar svo:

68. gr.

##### Áheyrnarfulltrúar.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í fastanefnd sem hefur fullnaðarákvörðunarvald í málum, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

#### 68. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

68. gr.

##### Áheyrnarfulltrúar.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í fastanefnd sem hefur fullnaðarákvörðunarvald í málum, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

#### 75. gr. hljómar svo:

75. gr.

##### Auglýsing starfa.

Lausar stöður skulu auglýstar til umsóknar í samræmi við reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.

**75. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:**

75. gr.  
*Auglýsing starfa.*

Lausar stöður skulu auglýstar til umsóknar í samræmi við ákvæði kjarasamninga og reglur Reykjavíkurborgar.

**76. gr. hljómar svo:**

76. gr.  
*Réttindi og skyldur.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna eftir því sem við á.

**76. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:**

76. gr.  
*Réttindi og skyldur.*

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga og reglum um réttindi og skyldur starfsmanna eftir því sem við á. Reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg gilda um starfskjör, réttindi og skyldur stjórnenda sem heyra undir þær reglur.

Kjaranefnd Reykjavíkur ákvarðar laun og önnur starfskjör þeirra embættismanna sem heyra beint undir borgarstjóra í skipuriti borgarinnar og borgarráð ræður til starfa sem og formanns samninganefndar Reykjavíkurborgar. Um skipan kjaranefndar og störf fer samkvæmt ákvæðum í samþykkt þessari og viðauka um fullnaðarafgreiðslur hennar, reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og samþykkt nefndarinnar sem borgarráð staðfestir.

## VIÐAUKI 1.2.

### Um fullnaðarafgreiðslur kjaranefndar Reykjavíkur án staðfestingar borgarráðs.

#### 1. gr.

Kjaranefnd Reykjavíkur afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni, samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 1. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar:

- a. Ákvarðanir um laun embættismanna Reykjavíkurborgar. Laun skulu vera þannig ákvörðuð að ekki skal vera um frekari greiðslur að ræða nema kjaranefnd ákveði það sérstaklega.
- b. Ákvarðanir um orlof og orlofslaun embættismanna
- c. Kjaranefnd skal fylgjast með launasetningu þeirra embætti sem höfð eru til viðmiðunar við ákvörðun kjara embættismanna Reykjavíkurborgar og tryggja að embættismenn borgarinnar njóta sambærilegra hækkana og embættismenn ríkisins. Einnig að endurskoða viðmiðin eftir þörfum.
- d. Kjaranefnd skal taka við athugasemdum og ábendingum embættismanna sem heyra undir ákvörðun nefndarinnar varðandi launamál þeirra.
- e. Kjaranefnd skal fylgjast með launaákvörðunum sviðsstjóra. Sviðsstjóri skal, við ákvörðun um laun þeirra sem undir hann heyra, tryggja að launin séu innan ramma þess launakerfis og launastefnu sem kjaranefnd hefur markað með úrskurðum sínum á hverjum tíma. Skylt er sviðsstjóra að kynna kjaranefnd tillögur sínar að launaákvörðunum áður en þær eru kynntar hlutaðeigandi starfsmanni og koma til framkvæmda.
- f. Kjaranefnd skal kynna hlutaðeigandi embættismönnum ákvarðanir sínar samkvæmt 1. gr. og verklagsreglur sínar .

Kjaranefnd getur ávallt vísað málum skv. 1. gr. til afgreiðslu borgarráðs. og er það skylt ef einn nefndarmaður krefst þess.

#### 2. gr.

Framangreindar ákvarðanir kjaranefndar samkvæmt 1. gr. skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

#### 3. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við ákvörðun kjaranefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal kjaranefnd leiðbeina honum um réttarstöðu sína, og meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í borgarráði. Telji borgarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal kjaranefnd taka málið upp að nýju.



Borgarráð

### **Tillaga um stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur**

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofna umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur, samhliða því að barnaverndarnefnd Reykjavíkur verður lögð niður þann 28. maí 2022.

#### **Greinargerð:**

Þann 1. janúar 2022 tóku gildi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021. Ein meginbreyting laganna er sú að frá og með 28. maí 2022 verður barnaverndarnefnd Reykjavíkur lögð niður. Þann dag taka Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur og umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur við verkefnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Samkvæmt lögunum er umdæmisráð ný eining innan stjórnkerfis sveitarfélaga sem er ætlað að tryggja faglega meðferð barnaverndarmála hjá sveitarfélögum. Umdæmisráðið skal því vera skýrlega aðskilið frá barnaverndarþjónustunni. Framangreindar lagabreytingar kalla á breytingar í stjórnskipulagi barnaverndar en um er að ræða lögbundna grunnþjónustu er að ræða fyrir börn og fjölskyldur í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir því að borgarráð samþykki tillöguna og vísi henni til staðfestingar borgarstjórnar. Á sama fundi borgarstjórnar væru lagðar fram tillögur forsætisnefndar að nauðsynlegum breytingum á samþykktum um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samkvæmt nýrri 14. gr. barnaverndarlaga skal sveitarstjórn skipa umdæmisráð barnaverndar til fimm ára í senn. Umdæmisráð barnaverndar tilheyrir sveitarstjórnarstiginu en er skipað til hliðar við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga. Umdæmisráð er sjálfstætt í störfum sínum. Af því leiðir að sveitarstjórnir, sem fara almennt með stjórn sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 38/2011, geta ekki gefið bindandi fyrirsmæli um framkvæmd verkefna sem umdæmisráðum eru falin samkvæmt barnaverndarlögum. Þá hafa sveitarstjórnir ekki almennt eftirlit með umdæmisráðum barnaverndar. Aftur á móti lúta ráðin tilteknum ákvörðunum sveitarstjórna eins og nánar er útfært í lögunum, þ.m.t. með samningum um samvinnu um umdæmisráð og eftirliti sveitarstjórnar eins og nánar er kveðið á í barnaverndarlögum. Sveitarfélög, eitt eða fleiri í samvinnu, bera ábyrgð á skipan og starfsemi umdæmisráða með því að skipa ráðsmenn og veita þeim lausn, greiða þeim laun og skapa þeim fullnægjandi starfsaðstæður. Umdæmisráð skal skipað þremur ráðsmönnum. Einn skal vera félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur sem jafnframt er formaður ráðsins. Ráðsmenn skulu í það minnsta hafa þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Þeir skulu að öðru leyti hafa næga þekkingu og færni til að geta sinnt starfi ráðsmanns.

Umdæmisráðið fer með afmarkað hlutverk í samræmi við nýja 13. gr. barnaverndarlaga sem felst fyrst og fremst í því að taka ákvarðanir með úrskurði um beiðingu úrræða án samþykkis foreldra, vistun utan heimilis, forsjárviptingu og umgengni í fóstri eða við vistun. Umdæmisráðinu er þannig falið að kveða upp úrskurði í barnaverndarmálum þar sem mest reynir á faglega þekkingu í viðkvæmstu málunum. Það er eitt af meginmarkmiðum laganna



að umdæmisráð verði faglega öflugt og lögð er áhersla á aðskilnað barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs barnaverndar. Umdæmisráðið verður ný fastanefnd í stjórnkerfi borgarinnar og eins og ávallt er mikilvægt að vandað verði til verka við skipan þess. Fáar ef nokkrar stjórnsýslunefndir taka þyngri ákvarðanir en barnaverndarnefndir og nú umdæmisráð barnaverndar. Inngrip þessara íþyngjandi stjórnvaldsákvæðana inn í friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu á sér vart hliðstæðu. Þess vegna er mikil áhersla lögð á málsmeðferðarreglur stjórnsýsluréttar og hraða málsmeðferð vegna þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur verður langstærsta slíka umdæmisráð landsins og mun taka flestar ákvarðanir og fjalla um flest barnaverndarmál.

Í núgildandi skipulagi er undirbúningur, boðun og skipulag funda, ritun fundargerða og úrskurða og frágangur í kjölfar funda barnaverndarnefndar í höndum starfsmanna barnaverndarnefndar. Gera þarf breytingar á þessu fyrirkomulagi þegar umdæmisráð tekur við úrskurðarhlutverki barnaverndarnefndar, m.t.t. þess aðskilnaðar sem verður á milli barnaverndarþjónustu og umdæmisráðsins og til að umdæmisráðið njóti sjálfstæðis frá barnaverndarþjónustunni.

Mikilvægt er að hefja sem fyrst undirbúning að ráðningu og skipun ráðsmanna og gera ráð fyrir að þeir geti tekið til starfa eigi síðar en 1. maí 2022. Þeir þurfa að hafa svigrúm til að setja sig inn í starfið, undirbúa fyrsta fund umdæmisráðsins sem yrði í byrjun júní 2022. Þannig þarf strax að setja upp verkferla, gagnageymslu og tölvukerfi vegna þeirra viðkvæmu persónuupplýsinga sem ráðið vinnur með og skipuleggja starfseminu að öðru leyti.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi formanns Barnaverndarnefndar Reykjavíkur dags. 28. janúar 2022  
Umsögn Barnaverndar Reykjavíkur dags. 28. febrúar 2022

**Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri**  
**Tjarnargötu 11**  
**101 Reykjavík**

*Reykjavík, 28. janúar 2022.*

## **Breytingar á stjórnskipulagi barnaverndar hjá Reykjavíkurborg**

Þann 1. janúar 2022 tóku gildi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021. Ein meginbreyting laganna er sú að frá og með 28. maí 2022 verður barnaverndarnefnd Reykjavíkur lögð niður og þar með valdsvið hennar. Þann dag taka Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur og umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur við verkefnum barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Umdæmisráð er ný eining innan stjórnkerfis sveitarfélaga sem er ætlað að tryggja faglega meðferð barnaverndarmála hjá sveitarfélögum.

Framangreindar lagabreytingar kalla á breytingar í stjórnskipulagi barnaverndar hjá Reykjavíkurborg og er gerð grein fyrir þeim helstu í bréfi þessu. Vakin er sérstök athygli á því að þessar breytingar þurfa að hafa átt sér stað og vera komnar til framkvæmda fyrir 28. maí nk.

Mikilvægt er að hafist verði handa sem fyrst við að innleiða nauðsynlegar breytingar í stjórnskipulagi borgarinnar þannig að ekki verði hökt á starfsemi barnaverndarþjónustu Reykjavíkur og heimildir starfsmanna barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs til ákvarðanatöku verði tryggðar.

### **Umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur**

Samkvæmt nýrri 14. gr. barnaverndarlaga skal sveitarstjórn skipa umdæmisráð barnaverndar til fimm ára í senn. Umdæmisráð barnaverndar tilheyrir stjórnarfarslega sveitarstjórnarstiginu en er skipað til hliðar við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga. Umdæmisráð er sjálfstætt í störfum sínum. Af því leiðir að sveitarstjórnir, sem fara almennt með stjórn sveitarfélaga, sbr. 2. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. [38/2011](#), geta ekki gefið bindandi fyrirmæli um framkvæmd verkefna sem umdæmisráðum eru falin samkvæmt barnaverndarlögum. Þá hafa sveitarstjórnir ekki almennt eftirlit með umdæmisráðum barnaverndar. Aftur á móti lúta ráðin tilteknum ákvörðunum sveitarstjórna eins og nánar er útfært í lögnum, þ.m.t. með samningum um samvinnu um umdæmisráð og eftirliti sveitarstjórnar eins og nánar er kveðið á í barnaverndarlögum.

Sveitarfélög, eitt eða fleiri í samvinnu, bera ábyrgð á skipan og starfsemi umdæmisráða með því að skipa ráðsmenn og veita þeim lausn, greiða þeim laun og skapa þeim fullnægjandi starfsaðstæður. Umdæmisráð skal skipað þremur ráðsmönnum. Einn skal vera félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur sem jafnframt er formaður ráðsins. Í lögnum er rakið hvaða hæfniskröfur eru gerðar til ráðsmanna, auk þess sem ráðherra á að setja reglugerð sem kveður nánar á um ráðsmenn og kröfur um almenn hæfiskilyrði.

Umdæmisráðið fer með afmarkað hlutverk í samræmi við nýja 13. gr. barnaverndarlaga sem felst fyrst og fremst í því að taka ákvarðanir með úrskurði um beitingu úrræða án samþykkis foreldra, vistun utan



heimilis, forsjárviptingu og umgengni í fóstri eða við vistun. Umdæmisráðinu er þannig falið að kveða upp úrskurði í barnaverndarmálum þar sem mest reynir á faglega þekkingu.

Það er eitt af meginmarkmiðum laganna að umdæmisráð verði faglega öflugt og lögð er áhersla á aðskilnað barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs barnaverndar. Umdæmisráðið verður ný stjórnslunefnd í stjórnkerfi borgarinnar og mikilvægt að vandað verði til verka við skipan þess. Fáar ef nokkrar stjórnslunefndir taka þyngri ákvarðanir í stjórnslunni en barnaverndarnefndir og nú umdæmisráð barnaverndar. Inngrip þessara íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana inn í friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu á sér vart hliðstæðu. Þess vegna er mikil áhersla lögð á málsmeðferðarreglur stjórnsluréttar og hraða málsmeðferð vegna þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur verður langstærsta slíka umdæmisráð landsins og mun taka flestar ákvarðanir og fjalla um flest barnaverndarmál. Ábyrgð formanns á stjórnslu umdæmisráðsins er því afar rík. Auk þess sem formaður þarf að búa yfir yfirburða þekkingu á stjórnslurétti, leiðtogaþæfileikum og samskiptaþæfni á háu stigi. Það er því afar brýnt að skipan umdæmisráðsins verði með faglegum hætti þannig að reynslumikið fólk veljist til starfans, enda þarf einnig að skipuleggja starfsemi ráðsins frá grunni og mikilvægt að það verði gert vel strax í upphafi.

Umdæmisráðið þarf að hafa fullnægjandi umboð, formlega og faglega, og aðstoðu til að sinna hlutverki sínu á faglegan hátt. Það er lykilatriði til að tryggja faglega vinnslu barnaverndarmála og að ákvarðanatöku í allra þyngstu og erfiðustu málunum sé hafin yfir vafa, skjólstæðingum og barnaverndarþjónustunni allri til hagsbóta.

Í núgildandi skipulagi er undirbúningur, boðun og skipulag funda, ritun fundargerða og úrskurða og frágangur í kjölfar funda barnaverndarnefndar í höndum starfsmanna barnaverndarnefndar. Gera þarf breytingar á þessu fyrirkomulagi þegar umdæmisráð tekur við úrskurðarhlutverki barnaverndarnefndar, m.t.t. þess aðskilnaðar sem verður á milli barnaverndarþjónustu og umdæmisráðsins og til að umdæmisráðið njóti sjálfstæðis frá barnaverndarþjónustunni.

Því er lagt til að í umdæmisráði barnaverndar Reykjavíkur verði formaður ráðsins í fullu starfi en aðrir ráðsmenn í hlutastarfi. Formaður hefði þannig svigrúm til að skipuleggja starfsemina í upphafi, semja úrskurði og halda utan um undirbúning og frágang eftir fundi nefndarinnar. Varðandi starfsmenn umdæmisráðs þyrfti að minnsta kosti einn lögfræðingur að starfa með formanni til að aðstoða við ritun fundargerða, ritun úrskurða, undirbúning fyrir fundi, boðun og skipulag funda og fleira slíkt. Þá má gera ráð fyrir að umdæmisráðið þurfi skrifstofumanneskju í hlutastarfi til að halda utan um praktíska hluti eins og rekstur, skjalastjórnun og fleira slíkt. Slíkur starfsmaður gæti verið í hlutastarfi hjá umdæmisráði eða verið starfsmaður Reykjavíkurborgar sem sinnir slíku starfi að hluta. Þá þarf að huga að öðrum praktískum hlutum eins og skrifstofuaðstoðu og fleira slíku, sem ætti þó að vera auðvelt úrlausnar.

Mikilvægt er að hefja sem fyrst undirbúning að ráðningu og skipun ráðsmanna og gera ráð fyrir að þeir geti tekið til starfa eigi síðar en 1. maí 2022 þannig að þeir hafi tíma og svigrúm til að setja sig inn í starfið og undirbúa fyrsta fund umdæmisráðsins sem yrði í byrjun júní 2022.

## **Samþykktir**

Í 12. gr. nýrra barnaverndarlaga segir að sveitarstjórn fari með yfirstjórn barnaverndarþjónustu en er heimilt að fela hana fastanefnd með sérstakri samþykkt. Miðað við núgildandi stjórnskipulag barnaverndar hjá Reykjavík þarf að fela velferðarráði formlega yfirstjórn barnaverndarþjónustu.

Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. nýrra barnaverndarlaga þarf sveitarstjórn að setja samþykkt þar sem vald til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt lögunum er falið einum eða fleiri úr hópi starfsfólks

barnaverndarþjónustu. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur mun senda tillögu að slíkri samþykkt til skrifstofu borgarstjórnar í byrjun mars 2022. Í framhaldi þarf að ganga frá endanlegri tillögu að samþykkt sem síðan þarf að leggja fram til umræðu og samþykktar í sveitarstjórn. Endanleg samþykkt þarf að ganga í gildi eigi síðar en 28. maí 2022. Slík samþykkt yrði efnislega sambærileg núgildandi málsmeðferðarreglum barnaverndarnefndar Reykjavíkur.<sup>1</sup>

### **Starfslýsing og starfskjör framkvæmdastjóra Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur**

Samhliða fyrrnefndum breytingum á barnaverndarlögunum verða breytingar á störfum barnaverndarþjónustunnar. Öll önnur verkefni en þau sem talin eru í 13. gr. barnaverndarlaga verða framvegis í höndum barnaverndarþjónustu Reykjavíkur og á ábyrgð framkvæmdastjóra barnaverndarþjónustunnar. Þannig fer hvorki umdæmisráðið né velferðarráð Reykjavíkur með yfirstjórn yfir málsmeðferð í barnaverndarmálum hjá Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur. Sú ábyrgð og slík yfirstjórn er nú í höndum barnaverndarnefndar Reykjavíkur en flyst við lok starfa hennar til framkvæmdastjóra barnaverndarþjónustu. Með öðrum orðum þá eykst ábyrgð framkvæmdastjóra barnaverndarþjónustunnar þegar nýju lögin koma til framkvæmda.

Gera þarf viðeigandi breytingar á starfslýsingu og starfskjörum framkvæmdastjóra. Þá er það mat mitt að við síðustu ákvörðun kjaranefndar um laun framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur hafi ekki verið nægilegt tillit tekið til setuskyldu í ráðum og nefndum, umfangi starfans og orðsporsáhættu og rétt sé að endurskoða þá ákvörðun í framangreindu samhengi.

---

Undirritaður er reiðubúinn til að ræða efni bréfsins á fundi eða með öðrum hætti verði þess óskað.

Virðingarfyllt,

  
Tómas Hrafn Sveinsson hrl.,  
formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur

**Afrit:**

Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs  
Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar

---

<sup>1</sup> Sjá hér: [https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulyningar/undirritadar\\_malsmedferdarreglur\\_br\\_-\\_juni\\_2021.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulyningar/undirritadar_malsmedferdarreglur_br_-_juni_2021.pdf)



Borgarráð  
Ráðhúsið  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2022

**Efni: Umsögn Barnaverndar Reykjavíkur vegna Tillögu um stofnun umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur**

Vísað er í tölvupóst dags. 9. febrúar sl. frá Viktoríu Júlíu Laxdal þar sem fylgdu tvö skjöl. Annars vegar bréf frá formanni barnaverndarnefndar Reykjavíkur, dags. 28. janúar 2022 til borgarstjóra og hins vegar drög að tillögu um stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur.

Í tölvupóstinum var óskað eftir umsögn framkvæmdastjóra Barnaverndar.

Barnavernd Reykjavíkur tekur að öllu leyti undir þá tillögu sem sett er fram í framangreindum bréfum. Í bréfi formanns barnaverndarnefndar Reykjavíkur er ítarlega fjallað um þau verkefni sem umdæmisráð barnaverndarþjónustu tekur við af barnaverndarnefnd þann 28. maí nk. og mikilvægi þess að vandað verði til verka við skipan og stofnun umdæmisráðsins.

Barnavernd Reykjavíkur mun veita þá aðstoð sem þörf verður á í tengslum við undirbúning og stofnun umdæmisráðs og tryggja eins og hægt er farsælt samstarf við flutning á verkefnum og undirbúning verkferla vegna þeirrar miklu samvinnu sem framundan er milli barnaverndarþjónustu Reykjavíkur og umdæmisráðsins.

Sé óskað frekari upplýsinga, er velkomið að hafa samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,

Katrín Helga Hallgrímsdóttir

framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur



## Umsögn

**Til: Borgarráðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

**Efni: Umsögn um tillögu um stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur**

Vísað er til tillögu um stofnun umdæmisráðs barnaverndar Reykjavíkur dags. 7. febrúar 2022 og erindis formanns Barnaverndarnefndar Reykjavíkur dags. 28. janúar 2022. Er þar lagt til að borgarráð samþykki að stofna umdæmisráð barnaverndar Reykjavíkur, samhliða því að barnaverndarnefnd Reykjavíkur verði lögð niður þann 28. maí 2022.

Er vakin athygli á því 1. janúar 2022 tóku gildi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, sbr. lög nr. 107/2021 sem kallar á ofangreindar breytingar í stjórnskipulagi barnaverndar hjá Reykjavíkurborg og vakin sérstök athygli á að þessar breytingar þurfa að hafa átt sér stað og vera komnar til framkvæmda fyrir 28 maí nk.

Hlutverk, markmið og skipulag nýrrar starfsemi er ávarpað í tillögunni og erindi formanns, má þar nefna starfshlutfall og kjör formanns, hvort ráða þurfi skrifstofumanneskju, skrifstofuaðstaða o.fl.

Fyrirliggjandi tillaga hefur ekki verið kostnaðarmetin og leggur fjármála- og áhættustýringarsvið áherslu á að unnin verði og lögð fram fjárhagsáætlun fyrir nýtt umdæmisráð barnaverndar með lýsingu á kostnaðarlegri aðkomu Reykjavíkurborgar og þeim sparnaði sem á móti kemur s.s. vegna niðurlagningu barnaverndarnefndar. Að svo stöddu er gert ráð fyrir breytingin rúmist innan núverandi fjárheimilda velferðarsviðs.

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Borgarráð

### **Tillaga um breytingar á kjaranefnd Reykjavíkurborgar**

Lagt er til að borgarráð samþykki að komið verði á laggirnar fastanefnd til að fara með launaákvarðanir æðstu embættismanna hjá Reykjavíkurborg, sbr. 1. mgr. 37. og 42. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 49. gr. samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Jafnframt er lagt til að borgarráð samþykki að fela forsætisnefnd að gera nauðsynlegar breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar þannig að borgarstjórn kjósi framvegis í nefndina, sem beri heitið kjaranefnd Reykjavíkurborgar.

#### **Greinargerð:**

Um áratugaskeið hefur verið farið með launaákvarðanir embættismanna hjá Reykjavíkurborg með ákveðnum hætti. Núverandi fyrirkomulag byggir á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna þar sem mælt er fyrir um að tilteknir starfsmenn sveitarfélaga séu utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarfélags sem ákveður þeim starfskjör án samnings, sbr. 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. og 6. og 7. tölulið 1. mgr. 19. gr. laganna.

Þegar lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna tóku gildi hinn 31. desember 1986 var að störfum launamálanefnd borgarstjórnar skipuð kjörnum fulltrúum. Á meðal verkefna launamálanefndar var að vera í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg við gerð samninga við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, auk þess að fjalla um launamál forstöðumanna stofnana og embættismanna. Af fundargerðum launamálanefndar borgarstjórnar má ráða að nefndin kom fyrst saman árið 1937 og starfaði þá í tvö ár, eða til ársins 1939. Síðan virðist launamálanefnd borgarstjórnar hafa fallið í þagnargildi í rúma tvo áratugi eða þar til nefndin var endurvakin árið 1963.

Á fundi borgarráðs 13. maí 1986 var lögð fram tillaga þáverandi borgarstjóra sem gerði ráð fyrir heimild honum til handa að undanþiggja æðstu embættismenn og forstöðumenn stærri borgarstofnana, ef þeir óskuðu, félagsskyldu og samningsaðild samkvæmt ákvæðum þágildandi reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Þess í stað myndi hann ákveða launakjör þeirra án samninga. Í skýringum sem fylgdu með tillögunni var vísað til tilhögunar hjá íslenska ríkinu um að tilteknir embættismenn væru undanskildir lögum um kjarasamninga ríkisstarfsmanna og Kjaradómur ákvarðaði laun þeirra. Með tillögunni væri opnað fyrir þann möguleika að taka nokkra yfirmenn hjá Reykjavíkurborg út úr almennum kjarasamningum með sambærilegum hætti. Afgreiðslu tillögunnar var frestað á fundinum. Tillagan var lögð fram að nýju á fundi borgarráðs viku síðar, eða 20. maí 1986, og þá samþykkt með þeirri breytingu að launamálanefnd væri heimil sú undanþága sem borgarstjóra var áður ætluð.



Þrátt fyrir umrædda ákvörðun borgarráðs samþykkti launamálanefnd borgarstjórnar á fundi sínum 27. maí 1987 engu að síður að fela borgarstjóra að ákveða launakjör þeirra embættismanna sem ekki féllu undir kjarasamning Reykjavíkurborgar og Starfmannafélags Reykjavíkurborgar. Í umræddri ákvörðun er ekki getið um á grundvelli hvaða heimildar launamálanefnd borgarstjórnar framseldi vald sitt að þessu leyti, svo sem með vísan til viðeigandi ákvæða laga og/eða samþykkt. Þá er heldur enga umfjöllun að finna um hvaða ástæður lágu að baki þessari ákvörðun. Þar sem kvæði 5. töluliðar 2. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986 kveður á um að lögin taki ekki til þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem fjallað er um í 6.-8. tölulið 19. gr. laganna og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveði þeim starfskjör án samnings, verður að teljast áhöld á því hvort borgarstjórn, sem hafði það vald samkvæmt lögunum að ákvarða starfskjör þessa starfsfólks, hafi verið heimilt að fela það vald launamálanefnd borgarstjórnar eða nefndin að framselja það vald til borgarstjóra eftir að lögin tóku gildi 31. desember 1986. Helgast það af því að samkvæmt 2. mgr. 61. gr. þágildandi sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 var sveitarstjórn einungis heimilt að fela nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæltu á annan veg. Þá var í þágildandi samþykkt nr. 60/1985 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar óheimilt að framselja vald til nefnda sem borgarstjórn var fengið að lögum, sbr. 2. mgr. 38. gr. samþykktarinnar.

Allt að einu virðist frá og með tilvitnaðri samþykkt launamálanefndar borgarstjórnar ákvörðun um launakjör embættismanna og forstöðumanna stofnana hjá Reykjavíkurborg hafa legið hjá borgarstjóra á hverjum tíma, eða þar til kjaranefnd Reykjavíkurborgar var stofnuð árið 1999. Kjaranefnd var skipuð af þáverandi borgarstjóra með bréfi, dags. 20. júlí 1999, og voru þrír þáverandi starfsmenn Reykjavíkurborgar skipaðir í nefndina. Í kjölfarið setti nefndin sér verklagsreglur, dags. 21. október 1999, sem voru staðfestar af borgarstjóra í október 1999. Reglurnar tóku gildi með síðari breytingum frá og með 1. júlí 1999, sbr. gr. 5.2 í reglunum. Í 1. gr. reglnanna er fjallað um hlutverk kjaranefndar. Þar kemur fram í gr. 1.1 að kjaranefnd ákvarði laun embættismanna Reykjavíkurborgar. Þá segir í gr. 5.1 í reglunum að um önnur réttindi og skyldur embættismanna gildi almennar samþykktir borgarráðs um starfskjör starfsmanna Reykjavíkurborgar. Á fundi borgarstjórnar 20. desember 2001 var samþykkt erindi kjaranefndar frá 9. s.m. um reglur um réttindi og skyldur stjórnenda. Samkvæmt 2. gr. reglnanna giltu þær um stjórnendur sem heyrðu undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 63. gr. þágildandi samþykktar nr. 638/2001 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, var borgarstjórn heimilt, í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð, að ákveða að fela öðrum aðilum en nefndum afgreiðslu mála sem ekki vörðuðu verulega fjárhag Reykjavíkurborgar. Þó mátti ætíð skjóta slíkri afgreiðslu til viðkomandi nefndar eða borgarráðs og því hefði þurft að geta um þessar embættisafgreiðslur í samþykktinni sjálfri eða eftir atvikum viðaukum við hana. Hvorki í samþykktinni né í viðaukum með henni er að finna ákvörðun borgarstjórnar frá 20. desember 2001, þar sem kveðið er á um framsal valds þess til kjaranefndar til fullnaðargreiðslu einstakra mála. Þannig virðist ekki hafa verið gengið frá ákvörðun um umrætt valdframsal með lögformlega réttum hætti.

Framangreint fyrirkomulag hélst óbreytt til september 2016, en þá var kjaranefnd Reykjavíkurborgar í fyrsta sinn skipuð einstaklingum sem ekki starfa hjá Reykjavíkurborg. Þá höfðu tekið gildi sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 þar sem gerðar eru strangari kröfur en voru í tíð eldri sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 um valdframsal sveitarstjórnar. Valdframsal samkvæmt sveitarstjórnarlögum er nú einungis heimilt til fastanefnda viðkomandi sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 eða einstakra starfsmanna viðkomandi sveitarfélags, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þar sem einstaklingar sem skipa kjaranefnd Reykjavíkurborgar eru ekki starfsmenn sveitarfélagsins liggur fyrir að borgarstjórn hefur ekki falið einstökum starfsmönnum Reykjavíkurborgar að fara með vald það sem mælt er fyrir um í 5. tölulið 2. mgr. 1. gr. laga nr. 94/1986. Þá er fjallað um fastanefndir í 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og VI. kafla samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og



fundarsköp borgarstjórnar. Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laganna er eitt skilyrði þess að nefnd geti talist vera fastanefnd það að sveitarstjórn kjósi fulltrúa í nefndina eftir því sem ákvæði laga og samþykktar um stjórn sveitarfélags mæla fyrir um. Þá er kveðið á um það í ákvæði 2. mgr. 37. gr. laganna og 1. mgr. 49. gr. tilvitnaðrar samþykktar að kjörtímabil fastanefnda skuli vera hið sama og sveitarstjórnar nema annað leiði af ákvæðum laga og samþykktar um stjórn sveitarfélags. Ljóst má vera að kjaranefnd fellur ekki þar undir þegar af þeirri ástæðu að nefndin var skipuð af borgarstjóra en ekki kosin af borgarstjórn í samræmi við fyrirmæli ákvæða 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga og 49. og 52. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar. Enn fremur liggur fyrir að við skipun kjaranefndar Reykjavíkurborgar var ekki vikið að skipunartíma nefndarinnar til að mynda þannig að hann sé bundinn við kjörtímabil borgarstjórnar.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að frá upphafi hefur ekki verið staðið réttilega að framsali valds til kjaranefndar Reykjavíkurborgar til að ákveða launakjör embættismanna og forstöðumanna stofnana hjá Reykjavíkurborg. Þessi yfirsjón kom fyrst í ljós við athugun málsins í kjölfar þess að kvörtun barst umboðsmanni Alþingis árið 2021 vegna tiltekinna launaákvæðana kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Af því tilefni óskaði umboðsmaður Alþingis upplýsinga um lagalegan grundvöll og hlutverk kjaranefndar Reykjavíkurborgar, sér í lagi með hvaða hætti vald borgarstjórnar hefði verið framselt til nefndarinnar. Reykjavíkurborg hefur þegar upplýst umboðsmann Alþingis um að upp á formlega umgjörð kjaranefndar vanti og jafnframt gert grein fyrir því að unnið sé að því að koma málum í lögmætt horf hið fyrsta. Verður að telja það best gert með því að borgarstjórn kjósi fastanefnd sem verði falið að taka ákvörðun um laun æðstu embættismanna.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri